

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur).

Frá atvinnuveganefnd.

1. 1. gr. orðist svo:  
Á eftir 1. mgr. 2. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra er heimilt að víkja frá einstökum ákvæðum laga þessara þegar um er að ræða:
  - a. aðila sem framleiða og markaðssetja matvæli þar sem starfsemi er ekki samfelld heldur tilfallandi, lýtur ekki sérstöku skipulagi og er ekki rekin í eigin hagnaðarskyni,
  - b. framleiðendur sem framleiða og markaðssetja frumframleiðsluvörur í litlu magni beint til neytenda eða til staðbundins smásölufyrirtækis sem afhendir matvæli beint til neytenda,
  - c. framleiðendur sem framleiða og markaðssetja vörur, sem eru unnar úr eigin frumframleiðslu, beint til neytenda, enda sé um takmarkaða, árstíðabundna eða tilfallandi starfsemi að ræða,
  - d. framleiðendur sem framleiða matvæli með aðferðum sem er hefð fyrir hérlandis.  
Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um þessa starfsemi, svo sem um hvaða starfsemi er að ræða, hvað telst staðbundin starfsemi, skilyrði fyrir slíkri starfsemi, opinbert eftirlit og hvaða reglur um framleiðslu, markaðssetningu, hollustuhætti, merkingar, umbúðir, rekjanleika, geymslu og flutning gilda um slík matvæli.
2. 2. gr. falli brott.
3. Fyrirsögn frumvarpsins verði: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum (heimild til að víkja frá ákvæðum laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur).